

Nd.

§27. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34. 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hluti Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Hjerað þetta nær yfir Kolbeinsstaðahrepp, Eyjahrepp, Miklaholtshrepp og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hitará, á Stykkishólms-hjeraði, að Miklaholtshreppur sje undanskilinn, og á Ólafsvíkurbjeraði, að Staðarsveit sje undanskilin.